



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 133/813
komudagur 7.2.2007


Akranesi 02. febrúar 2007
Tilvísun: L06010005/022.1/MG/rlb

Efni: Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál

Landmælingar Íslands vísa til erindis frá umhverfisnefnd Alþingis frá 1. febrúar 2007 þar sem gefinn er kostur á umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð. Stofnunin gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill hvetja til þess að sett verði sérstök ákvæði í frumvarpið um gerð góðra korta af svæðinu í samvinnu við Landmælingar Íslands. Slík kortagerð verði hluti verndaráætlunar þjóðgarðsins.

Staðan er nú sú að útgefin kort af þessu svæði eru gömul sem er mjög bagalegt s.s. vegna breytinga á jöklum og árfarvegum. Góð grunnkort eru undirstöðugögn fyrir náttúrufarsrannsóknir og skipulag auk þess sem þau eru mikilvæg tæki til að stýra umferð og fræða ferðafólk.

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson
forstjóri